Arkitektastofa Benjamins Magnússonar, 29. apríl 2005 Bæjarskipulag K

ekti

Til úthlutunar 40 íbúð  
Svæði 8,

## Fjöleignahús 5 hæðir auk kjallara ( húsagerð F5 og F6)

D-gata  
D-gata  
D-gata



## Grunnmynd í mkv. 1:2000 (á A4)

Allar stærðir eru í metrum

KÓPAVOGSTÚN  
SKIPTING Í SVÆÐI - SKÝRINGARMYND

REITUR 1

# KÓPAVOGSTÚN

## FJÖLEIGNAHÚS F5, F6

### D-GATA Nr. 3, 5 og 7

#### 1. HÚSAGERD

Fjölbýlishús F5 og F6 eru 5 hæðir ásamt kjallara með 20 íbúum hvort á sameiginlegri lóð. Fjöldi íbúða í húsi nr. 3 er 4 íbúðir á hæð. Fjöldi íbúða í húsi nr. 5 er 2 íbúðir á hæð, alls 10 íbúðir. Fjöldi íbúða í húsi nr. 7 er 2 íbúðir á hæð, alls 10 íbúðir. Sjá nánar skipulagsupprátt og skilmálateikningar. Húsin hafa sameiginlega bílageymslu á lóð. Í húsi nr. 3 (F5) er eitt stigahús með lyftu og í húsi nr. 5 og 7 (F6) eru tvö stigahús með einni lyftu í hvoru stigahúsi.

#### 2. BYGGINGARREITUR

Staðsetning byggingarreita er sýnd á mæliblöðum og skilmálateikningum. Fyrir fjölbýlishús F5 og F6 er gefin upp bundin byggingarlína, byggingarreitur, ytri byggingarreitur og skil milli íbúða. Fyrir bílageymslu er gefin upp byggingarreitur.

-Bindandi byggingarlína, táknuð með heildreginni (sverri) línu sem ákværðar staðsetningu húss á lóð og er bindandi. A.m.k. helmingur framhliðar húss skal fylgja bindandi byggingarlínu, þó gera megi ráð fyrir minni innskotum. Einstaka byggingarhlutar s.s. þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, pallar, tröppur og bílageymslur mega skaga út fyrir bindandi byggingarlínu, s.kv. sérákvæðum húsagerða og ná að ytri byggingarreit.

-Byggingarreitur, táknaður með heildreginni línu sem afmarkar meginform hússins. Reiturinn er leiðbeinandi byggingarflötur og sýnir áætlað umfang byggingar. Ekki er um hámarksramma að ræða heldur leiðbeinandi fyrirmund. Lámarksfjarlægð byggingar í lóðarmörk, þar sem ekki er bindandi byggingarlína, skal þó vera í samræmi við grein 75,1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þannig er lámarksfjarlægð milli húsa ávalt tryggð.

-Ytri byggingarreitur, táknaður með slitinni línu. Heimilt er að byggja að ytri byggingarreit, þ.a.m. svalir sem skulu vera a.m.k. 1,6 metra breiðar. Húsið skal vera að öllu leiti innan ytri byggingarreits.

-Lína fyrir byggingarreit bílageymslu, táknuð með slitinni línu með einum punkti á milli.

-Staðsetning innganga er táknaður með svartri bílu.

#### 3. GRUNNFLÖTUR HÚSA OG FJÖLDI ÍBÚÐA

Fjölbýlishús F5, 20 íbúðir:	Byggingarreitur húss í fermetrum:	Hámarks grunnflótur húss, aðkomuhæð:	Hámarks flatarmál húss í fermetrum án kjallara:
D-gata Nr. 3	475 m <sup>2</sup>	475 m <sup>2</sup>	2375 m <sup>2</sup>
Fjölbýlishús F6, 20 íbúðir:	Byggingarreitur húss í fermetrum:	Hámarks grunnflótur húss, aðkomuhæð:	Hámarks flatarmál húss í fermetrum án kjallara:
D-gata Nr. 5-7	549 m <sup>2</sup>	549 m <sup>2</sup>	2745 m <sup>2</sup>
Bílageymsla, 60 stæði.			Hámarks flatarmál bílageymslu í fermetrum: 1580 m <sup>2</sup>

Heimilt er að byggja hús sem eru minni að grunnfleti og flatarmáli.

Undir húsunum er kjallari fyrir geymslur og aðgengi að bílakjallara. Ekki er heimilt að hafa íbúðarherbergi í kjallara.

#### 4. HÆÐ HÚSA

Húshæð er gefin upp sem a) bindandi hæðafjöldi og b) hámarkshæð byggingar yfir aðkomukóta. Þegar talað er um hæðafjölda er átt við fulla hæð, þ.e. útveggir séu í fullri lofhæð. Efsti hluti þaks má ná upp í uppgefna hámarkshæð, en getur verið lægri. Hæðarkótar fyrir aðkomuhæðir húsa eru sýndir á hæðarblaði (gólfkótar -k). Hámarkshæð húsa er gefin upp á skilmálateikningu og er hún miðuð við hæð yfir tilgreindum hæðarkóta

aðkomuhæðar. Mesta hæð íbúðarhúsa F5 og F6 talið frá aðkomuhæð er 16,0 metrar og bílageymslu er 3,0 metrar. Þakgluggar, lyftuhús, skorsteinar og loftræstibúnaður mega þó fara upp fyrir hámarkshæð þaks.

#### 5. PAKFORM

Þök skulu vera flöt.

#### 6. BÍLAGEYMSLUR OG FJÖLDI BíLASTÆÐA

A mæliblöðum og skilmálateikningu er sýndur sá lámarksfjöldi bílastæða sem leysa skal innan hvarrar lóðar og dæmi um staðsetningu bílastæða og aðkomu. Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð stærri en 80 m<sup>2</sup> og eitt bílastæði fyrir hverja íbúð minni en 80 m<sup>2</sup>. Bílastæði skulu vera með bundnu slitlagi eða hellulögð. Ein bílageymsla er fyrir fjölbýlishús F5 og F6 með alls 60 bílastæði. Á lóð eru að auki 20 bílastæði. Gera skal ráð fyrir að tólfu hvert bílastæði verði fyrir fatlaða.

Setja skal upp handrið á bílageymslupakið við hæðarskil og fara þar í öllu eftir byggingarreglugerðinni.

#### 7. SORPGEYMSLUR

Miðað skal við að lokuð sorpgeymsla fyrir allar íbúðir á hverri lóð skuli vera staðsett í eða við niðurgraffna bílageymslu. Stærð hennar skal miðast við að geymslan geti rúmað a.m.k. 2 sorpílat á hverja íbúð. Við hönnun sorpgeymslna skal sérstaklega hugað að möguleika á flokkun sorps til framtíðar og skal bent á grein 85,2 í byggingarreglugerð í því sambandi. Þar sem sorpgeymsla er stakstæð skal staðsetning hennar ekki vera nær lóðarmörkum en 2,0 metrum og ekki nær lóðamörkum við götu en 1,0 metra. Staðsetning og frágangur sorpgeymslna skal vera þannig að þær séu með greiðum aðgangi, en sem minnst áberandi. Sorpgeymslur skulu koma fram á byggingarnefndarteikningum og skal frágangi þeirra lokið samhliða byggingu húsa.

#### 8. HLJÓÐVIST

Hljóðvist bygginga skala vera tryggð, þannig að lámarksákvæðum um viðmiðunargildi sé fullnægt. Til að tryggja ásættanlega hljóðvist í byggingum F5 nr.3 og 5 og F6 nr.7 við D-götu, gerir deiliskipulagið ráð fyrir að byggingarnar séu hannaðar á þann máta að viðmiðunargildi innanhúss, hvað varðar umferðaráhávaða, verði ekki yfir 30 db(A) og að viðmiðunargildi utan við húsvegg á jarðhæð 55 db(A), sbr. reglugerð um umferðaráhávaða nr. 933/1999.

Í reglugerð fyrir umferðaráhávaða nr. 933/1999 eru sett fram viðmiðunargildi fyrir umferðaráhávaða. Í reglugerðinni eru gefin upp frávik I og II frá grungildum. Frávik I á við um verulegar breytingar á umferðaráhávaðum í byggð sem fyrir er, en frávik II á við um nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er. Miðað er við að frávik II eigi við um byggingar F5 nr.3 og 5 og F6 nr.7 við D-götu.

Byggingar F5 nr.3 og 5 og F6 nr.7 við D-götu.

Viðmiðunargildi innanhúss fyrir frávik II er 30 db(A) við lokaðan glugga. Viðmiðunargildi utan við glugga skv. fráviki II er 70/55 sem þýðir að viðmiðunarkrafan (55db(A) utan við opnanlegan glugga) skal uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri lóð. Gera skal ráð fyrir opnanlegum gluggum til loftréstinga á íveruherbergjum íbúða. Ef hljóðstig er yfir framangreindum mörkum þarf auk þess að gera ráð fyrir loftréstítúnum með hljóðemupn eða öðrum aðgerðum (sbr. dæmi tilgreind í 5. kafla almennum ákvæða um fjöleignarhús í þessari greinargerð og umfjöllun að neðan um afgreiðslu byggingarleyfis) til að tryggja eðlileg loftskipti án þess að opna glugga. Með þessu verður tryggt að hávaði innanhúss frá umferð verði innan viðmiðunarmarka.

Í umsókn um byggingarleyfi fyrir þeim byggingum þar sem hljóðstig utan við húsvegg er hærra en 55db(A) þarf að gera grein fyrir hvernig hönnun hússins tryggir að ákvæði fráviku II verða uppfyllt um hljóðstig utan við opnanlega glugga og innanhúss (sbr. m.a. dæmi tilgreind í 5. kafla almennum ákvæða um fjöleignahús í þessari greinargerð). Reynist ekki unnt að tryggja hljóðvist skv. fráviki II með hönnun húss fyrir hluta íbúðar eða allar íbúðir, þarf að afla undanþágu skv. 8. gr. reglugerðar um hávaða áður en leyfi er veitt.

Sjá nánar í skýringarhefti: Hljóðvist á Kópavogstúni, 20.12.2005 (Almenna verkfræðistofan hf), aftast í þessu hefti.


#### 9. SKIKI TIL EINKANOTA

Fyrir íbúðir á jarðhæðum skal afmarka skika til einkaaftina og skulu þeir sýndir á aðaluppdráttum.


KÓPAVÖGSBÆR D-gata 3, 5 og 7

Verk / Körnungsvorstellung / Körnungswert: 04.11.05-3 Seite


Aktíkertastofa Benjamins Magnússonar, 29. apríl 2005 Bæjarskipulag Kópavogs: Birgir H. Sigurðsson skipulagsþjóni og Smári Smárason arkitekt.  
Breyting: Afmörkun svæðis þar sem skipulagi er frestað 04. október 2005



## Þversnið í mkv. 1:500 ( A3 ) Dær



Þversnið í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæmi



## Grunnmynd í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæ

Athugið teikningar eru minkaðar og ekki í kvarða

Allar stærðir eru í metrum

KÓPAVOGSTÚN - SKIPULAGSSKILMÁLAR  
FJÖLEIGNAHÚS 5 HÆDIR AUK KJALLARA

# KÓPAVOGSBAER


Verk/Kópavogstún/Kopavogstun-04.11-05-D.docx

Arkitektastofa Benjamins Magnússonar, 29. apríl 2005 Bæjarskipulag K

lekt.

## Til úthlutunar 17 íbúð Svæði 9,

Fjöleignahús 5 hæðir auk kjallara og þakhæðar ( húsagerð F8 )



Grunnmynd í mkv. 1:2000 (á A)  
Allar stærðir eru í metrum

KÓPAVOGSTÚN  
SKIPTING Í SVÆÐI - SKÝRINGARMYND

REITUR 1

# KÓPAVOGSTÚN

## FJÖLEIGNAHÚS F8 (9)

D-GATA Nr. 9

### 1. HÚSAGERD

Fjölbýlishús F8 (9) er 5 hæðir ásamt kjallara og þakhæð með alls 17 íbúðum. Á 1 til 5 hæð eru 3 íbúðir á hæð en á þakhæð 2 íbúðir. Sjá nánar skipulagsupprátt og skilmálateikningar. Húsið er með sér bílageymslu hálf niðurgrafrna á lóð. Í húsinu er eitt stigahús og ein lyfta.

### 2. BYGGINGARREITUR

Staðsetning byggingarreita er sýnd á mæliblöðum og skilmálateikningum. Fyrir fjölbýlishús F8 (9) er gefin upp byggingarreitur, ytri byggingarreitur og byggingarreitur þakhæðar. Fyrir bílageymslu er gefin upp byggingarreitur.

-Bindandi byggingarlína, táknuð með heildreginni (sverri) línu sem ákværðar staðsetningu húss á lóð og er bindandi. A.m.k. helmingur framhlíðar húss skal fylgja bindandi byggingarlínu, þó gera megi ráð fyrir minni innskotum. Einstaka byggingarhlutar s.s. þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, pallar, tröppur og blageymslu mega skaga út fyrir bindandi byggingarlínu, s.kv. sérákvæðum húsagerða og ná að ytri byggingarreit.

-Byggingarreitur, táknaður með heildreginni línu sem afmarkar meginform hússins. Reiturinn er leiðbeinandi byggingarfötur og sýnir áætlað umfang byggingar. Ekki er um hámarksramma að ræða heldur leiðbeinandi fyrirmund. Lámarksfjarlægð byggingar í lóðarmörk, þar sem ekki er bindandi byggingarlína, skal þó vera í samræmi við grein 75,1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Pannig er lámarksfjarlægð milli húsa ávalt tryggð.

-Ytri byggingarreitur, táknaður með slitinni línu. Heimilt er að byggja að ytri byggingarreit, þ.a.m. svalir sem skulu vera a.m.k. 1,6 metra breiðar. Húsið skal vera að öllu leiti innan ytri byggingarreits.

-Lína fyrir byggingarreit bílageymslu, táknuð með slitinni línu með einum punkti á milli.

-Lína fyrir byggingarreit þakhæðar er táknuð með punktalínu.

-Staðsetning inngangs er táknaður með svartri plíu.

### 3. GRUNNFLÖTUR HÚSA OG FJÖLDI ÍBÚÐA

Fjölbýlishús F8, 17 íbúðir:	Byggingarreitur húss í fermetrum:	Hámarks grunnflótur húss, aðkomuhæð:	Hámarks flatarmál húss í fermetrum án kjallara:
D-gata Nr. 9	496 m <sup>2</sup>	496 m <sup>2</sup>	2801 m <sup>2</sup>
Bílageymsla, 26 stæði.	Hámarks flatarmál bílageymslu í fermetrum: 704 m <sup>2</sup>		

Heimilt er að byggja hús sem eru minni að grunnfleti og flatarmáli.

Undir húsunum er kjallari fyrir geymslur og aögengi að bílakjallara. Ekki er heimilt að hafa íbúðarherbergi í kjallara.

### 4. HÆÐ HÚSA

Húshæð er gefin upp sem a) bindandi hæðafjöldi og b) hámarkshæð byggingar yfir aðkomukóta. Þegar talað er um hæðafjölda er átt við fulla hæð, þ.e. útveggir séu í fullri loftfhæð. Efsti hluti þaks má ná upp í uppgefta hámarkshæð, en getur verið lægri. Hæðarkótar fyrir aðkomuhæðir húsa eru sýndir á hæðarblaði (gólfkótar -k). Hámarkshæð húsa er gefin upp á skilmálateikningu og er hún miðuð við hæð yfir tilgreindum hæðarkóta aðkomuhæðar. Mesta hæð íbúðarhúss F8 (9) talið frá aðkomuhæð er 19,0 metrar og bílageymslu er 3,0 metrar. Pakgluggar, lyftuhús, skorsteinar og loftræstibúnaður mega þó fara upp fyrir hámarkshæð þaks.

### 5. PAKFORM

Þök skulu vera flöt.

### 6. BÍLAGEYMSLUR OG FJÖLDI BÍLASTÆÐA

A mæliblöðum og skilmálateikningu er sýndur sá lámarksfjöldi bílastæða sem leysa skal innan hverrar lóðar og dæmi um staðsetningu bílastæða og aðkomu. Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð stærri en 80 m<sup>2</sup> og eitt bílastæði fyrir hverja íbúð minni en 80 m<sup>2</sup>. Bílastæði skulu vera með bundru slítlagi eða hellulögð. Ein bílageymsla er fyrir fjölbýlishús F8 (9) með alls 26 bílastæði. Á lóð eru að auki 30 bílastæði, þar af 9 stæði fyrir hús nr. 9 (F8). Gera skal ráð fyrir að tófta hvert bílastæði verði fyrir fatlaða.

Setja skal upp handrið á bílageymslubakið við hæðarskil og fara þar í öllu eftir byggingarreglugerðinni.

### 7. SORPGEYMSLUR

Miðað skal við að lokuð sorpgeymsla fyrir allar íbúðir á hverri lóð skuli vera staðsett í eða við niðurgrafrna bílageymslu. Stærð hennar skal miðast við að geymslan geti rúmað a.m.k. 2 sorpilát á hverja íbúð. Við hönnun sorpgeymslna skal sérstaklega hugað að möguleika á flokkun sorps til framtíðar og skal bent á grein 85,2 í byggingarreglugerð í því sambandi. Þar sem sorpgeymsla er stakstæð skal staðsetning hennar ekki vera nær lóðarmörkum en 2,0 metrum og ekki nær lóðamörkum við götu en 1,0 metra. Staðsetning og frágangur sorpgeymslna skal vera þannig að þær séu með greiðum aðgangi, en sem minnst áberandi. Sorpgeymslur skulu koma fram á byggingarnefndarteikningum og skal frágangi þeirra lokið samhliða byggingu húsa.

### 8. HLJÓÐVIST

Hljóðvist bygginga skala vera tryggð, þannig að lámarksákvæðum um viðmiðunargildi sé fullnægt. Til að tryggja ásæltanlega hljóðvist í byggingu F8 (9) nr.9 við D-götu, gerir deiliþkipulagið ráð fyrir að byggingarnar séu hannaðar á þann máta að viðmiðunargildi innanhúss, hvað varðar umferðarhávaða, verði ekki yfir 30 db(A) og að viðmiðunargildi utan við húsvegg á jarðhæð 55 db(A), sbr. reglugerð um umferðarhávaða nr. 933/1999.

Í reglugerð fyrir umferðarhávaða nr. 933/1999 eru sett fram viðmiðunargildi fyrir umferðarhávaða. Í reglugerðinni eru gefin upp frávik I og II frá grunngildum. Frávik I á við um verulegar breytingar á umferðaræðum í byggð sem fyrir er, en frávik II á við um nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er. Miðað er við að frávik II eigi við um byggingu F8 (9) nr.9 við D-götu.

Bygging F8 (9) nr.9 við D-götu. Viðmiðunargildi innanhúss fyrir frávik II er 30 db(A) við lokaðan glugga. Viðmiðunargildi utan við glugga skv. fráviki II er 70/55 sem þýðir að viðmiðunarkrafan (55db(A) utan við opnanlegan glugga) skal uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Gera skal ráð fyrir opnanlegum gluggum til loftræstinga á íveruherbergjum íbúða. Ef hljóðstig er yfir framangreindum mörkum þarf auk þess að gera ráð fyrir loftræstítúðum með hljóðdempun eða óðrum aðgerðum (sbr. dæmi tilgreind í 5. kafla almennra ákvæða um fjöleignarhús í þessari greinargerð og umfjöllun að neðan um afgreiðslu byggingarleyfis) til að tryggja eðlileg loftskipti án þess að opna glugga. Með þessu verður tryggt að hávaði innanhúss frá umferð verði innan viðmiðunarmarka.

Í húsi nr. 9 við D-götu verða ekki opnanlegir gluggar þar sem hljóðstig mælist yfir 70 db en það á við á eftirfarandi hliðum: norður og austurhlíð á 5. hæð og austurhlíð á 4. hæð. Í umsókn um byggingarleyfi fyrir þeim byggingum þar sem hljóðstig utan við húsvegg er hærra en 55db(A) þarf að gera grein fyrir hvernig hönnun hússins tryggir að ákvæði fráviks II verða uppfyllt um hljóðstig utan við opnanlega glugga og innanhúss (sbr. m.a. dæmi tilgreind í 5. kafla almennra ákvæða um fjöleignahús í þessari greinargerð). Reynist ekki unnt að tryggja hljóðvist skv. fráviki II með hönnun húss fyrir hluta íbúða eða allar íbúðir, þarf að afla undanþágu skv. 8. gr. reglugerðar um hávaða áður en leyfi er veitt.

Sjá nánar í skyringarhefti: Hljóðvist á Kópavogstúni, 20.12.2005 (Almenna verkfræðistofan hf), aftast í þessu hefti.

### 9. SKIKI TIL EINKANOTA


Fyrir íbúðir á jarðhæðum skal afmarka skika til einkaafnota og skulu þeir sýndir á aðaluppdráttum.

# KÖPAVÖGSBÆR


Verk / Kvinna och sitt liv / Konversationen - 04.11.05 - D

Aldrich-MacMurray 20-2200E Printed Labels

10



## Þversnið í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæm



Grunnmynd í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæ  
Allar stærðir eru í metrum.

Athugið teikningar eru minkaðar og ekki í kvarða

# KÓPAVOGSTÚN - SKIPULAGSSKILMÁLAR

## FJÖLEIGNAHÚS 5 HÆÐIR AUK KJALLARA OG ÞAKHÆÐAR

REITUR 1

# KÓPAVOGSBÆR


Verk/Kópavogstún/Kópavogstún-04.11-05.D.dwg

Arkiæktastofa Benjamins Magnússonar, 29. apríl 2005 Bæjarþipulag Kópavogs: Þórir H. Sigurðsson skipulagsstjóri og Smári Smárason arkitekt.

## Fjöleignahús 5 hæðir auk kjallara og þakhæðar ( húsagerð F8 )

Til úthlutunar 68 íbúðir.  
Svæði 10,

E-gata 1  
E-gata 3  
E-gata 5  
E-gata 9



Grunnmynd í mkv. 1:2000 (á A3)  
Allar stærðir eru í metrum

KÓPAVOGSTÚN  
SKIPTING Í SVÆÐI - SKÝRINGARMYND

REITUR 1

# KÓPAVOGSTÚN

## FJÖLEIGNAHÚS F8 (5), (6), (7) OG (8)

### E-GATA Nr. 1, 3, 5 og 9

#### 1. HÚSAGERÐ

Fjölbýlishús F8 (5), (6), (7) og (8) eru 5 hæðir ásamt kjallara og þakhæð með alls 17 íbúum hvert. Á 1 til 5 hæð eru 3 íbúir á hæð en á þakhæð 2 íbúir. Sjá nánar skipulagsupprátt og skilmálateikningar. F8 (5), (6), (7) og (8) er með sameiginlega bílageymslu niðurgrafrna á lóð. Í F8 (5), (6), (7) og (8) er eitt stigahús og ein lyfta í hverju húsi.

#### 2. BYGGINGARREITUR

Staðsetning byggingarreita er sýnd á mæliblöðum og skilmálateikningum. Fyrir fjölbýlishús F8 (5), (6), (7) og (8) er gefin upp byggingarreitur, ytri byggingarreitur og byggingarreitur þakhæðar. Fyrir bílageymslur er gefin upp byggingarreitur.

-Bindandi byggingarlína, táknuð með heildreginni (sverri) línu sem ákvarðar staðsetningu húss á lóð og er bindandi. A.m.k. helmingur framhlíðar húss skal fylgja bindandi byggingarlínu, þó gera megi ráð fyrir minni innskotum. Einstaka byggingarhlutar s.s. bakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, paillar, tröppur og bílageymslur mega skaga út fyrir bindandi byggingarlínu, s.kv. sérákvæðum húsagerða og ná að ytri byggingarreit.

-Byggingarreitur, táknaður með heildreginni línu sem afmarkar meginform hússins. Reiturinn er leiðbeinandi byggingarflötur og sýnir áætlað umfang byggingar. Ekki er um hámarksramma að ræða heldur leiðbeinandi fyrir mynd. Lámarksfjarlæggð byggingar í lóðarmörk, þar sem ekki er bindandi byggingarlína, skal þó vera í samræmi við grein 75,1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þannig er lámarksfjarlæggð milli húsa ávalt tryggð.

-Ytri byggingarreitur, táknaður með slitinni línu. Heimilt er að byggja að ytri byggingarreit, þ.a.m. svalir sem skulu vera a.m.k. 1,6 metra breiðar. Húsið skal vera að öllu leiti innan ytri byggingarreits.

-Lína fyrir byggingarreit bílageymslu, táknuð með slitinni línu með einum punkti á milli.

-Lína fyrir byggingarreit þakhæðar er táknuð með punktalínu.

-Staðsetning innganga er táknaður með svartri pilu.

#### 3. GRUNNFLÖTUR HÚSA OG FJÖLDI ÍBÚÐA

Fjölbýlishús F8, 4 x 17 íbúir:	Byggingarreitur húss í fermetrum:	Hámarks grunnflötur húss, aðkomuhæð:	Hámarks flatarmál húss í fermetrum án kjallara:
E-gata Nr. 1	496 m <sup>2</sup>	496 m <sup>2</sup>	2801 m <sup>2</sup>
E-gata Nr. 3	496 m <sup>2</sup>	496 m <sup>2</sup>	2801 m <sup>2</sup>
E-gata Nr. 5	496 m <sup>2</sup>	496 m <sup>2</sup>	2801 m <sup>2</sup>
E-gata Nr. 9	496 m <sup>2</sup>	496 m <sup>2</sup>	2801 m <sup>2</sup>

Bílageymsla, 102 stæði.

Hámarks flatarmál bílageymslu í fermetrum: 3137 m<sup>2</sup>

Heimilt er að byggja hús sem eru minni að grunnfleti og flatarmáli.

Undir húsunum er kjallari fyrir geymslur og aðgengi að bílakjallara. Ekki er heimilt að hafa íbúðarherbergi í kjallara.

#### 4. HÆÐ HÚSA

Húshæð er gefin upp sem a) bindandi hæðafjöldi og b) hámarkshæð byggingar yfir aðkomukóta. Þegar talað er um hæðafjölda er átt við fulla hæð, þ.e. útveggir séu í fullri loftfhæð. Efsti hluti þaks má ná upp í uppgefna hámarkshæð, en getur verið lægri. Hæðarkótar fyrir aðkomuhæðir húsa eru sýndir á hæðarblaði (gólfkótar -k). Hámarkshæð húsa er gefin upp á skilmálateikningu og er hún miðuð við hæð yfir tilgreindum hæðarkóta aðkomuhæðar. Mesta hæð íbúðarhúsa F8 (5), (6), (7)

og (8) talið frá aðkomuhæð er 19,0 metrar og bílageymslu er 3,0 metrar. Þakgluggar, lyftuhús, skorsteinar og loftræstibúnaður mega þó fara upp fyrir hámarkshæð þaks.

#### 5. ÞAKFORM

Þök skulu vera flöt.

#### 6. BÍLAGEYMSLUR OG FJÖLDI BÍLASTÆÐA

Á mæliblöðum og skilmálateikningu er sýndur sá lámarksfjöldi bílastæða sem leysa skal innan hverrar lóðar og dæmi um staðsetningu bílastæða og aðkomu. Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð stærri en 80 m<sup>2</sup> og eitt bílastæði fyrir hverja íbúð minni en 80 m<sup>2</sup>. Bílastæði skulu vera með bundnu slitlagi. Ein sameiginleg bílageymsla er fyrir fjölbýlishús F8 (5), (6), (7) og (8) með alls 102 bílastæði. Á lóð eru að auki 34 bílastæði. Að auki eru 5 bílastæði á lóð sérmerkt eldra húsi E-götu nr. 7. Gera skal ráð fyrir að tófta hvert bílastæði verði fyrir fatlaða.

Setja skal upp handrið á bílageymsluþakið og fara þar í öliu eftir byggingarreglugerðinni.

#### 7. SORPGEYMSLUR

Miðað skal við að lokuð sorpgeymsla fyrir allar íbúir á hverri lóð skuli vera staðsett í eða við niðurgrafrna bílageymslu. Stærð hennar skal miðast við að geymslan geti rúmað a.m.k. 2 sorpilát á hverja íbúð. Við hönnun sorpgeymslna skal sérstaklega hugað að möguleika á flokkun sorps til framtíðar og skal bent að grein 85,2 í byggingarreglugerð í því sambandi. Þar sem sorpgeymsla er stakstæð skal staðsetning hennar ekki vera nær lóðarmörkum en 2,0 metrum og ekki nær lóðamörkum við gótu en 1,0 metra. Staðsetning og frágangur sorpgeymslna skal vera þannig að þær séu með greiðum aðgangi, en sem minnst áberandi. Sorpgeymslur skulu koma fram á byggingarnefndarteikningum og skal frágangi þeirra lokið samhliða byggingu húsa.

#### 8. HLJÓÐVIST

Hljóðvist bygginga skala vera tryggð, þannig að lámarksákvæðum um viðmiðunargildi sé fullnægt. Til að tryggja ásættanlega hljóðvist í byggingum F8 (5) nr.7, F8 (6) nr.5, F8 (7) nr.1, F8 (8) nr.3 við E-götu, gerir deiliskipulagið ráð fyrir að byggingarnar séu hannaðar á þann máta að viðmiðunargildi innanhúss, hvað varðar umferðarhávaða, verði ekki yfir 30 db(A) og að viðmiðunargildi utan við húsvegg á jarðhæð 55 db(A), sbr. reglugerð um umferðarhávaða nr. 933/1999.

I reglugerð fyrir umferðarhávaða nr. 933/1999 eru sett fram viðmiðunargildi fyrir umferðarhávaða. I reglugerðinni eru gefin upp frávik I og II frá grunngildum. Frávik I á við um verulegar breytingar á umferðaræðum í byggð sem fyrir er, en frávik II á við um nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er. Miðað er við að frávik II eigi við um byggingar F8 (5) nr.7, F8 (6) nr.5, F8 (7) nr.1, F8 (8) nr.3 við E-götu.

Byggingar F8 (5) nr.7, F8 (6) nr.5, F8 (7) nr.1, F8 (8) nr.3 við E-götu.

Viðmiðunargildi innanhúss fyrir frávik II er 30 db(A) við lokaðan glugga. Viðmiðunargildi utan við glugga skv. fráviki II er 70/55 sem þýðir að viðmiðunarkrafan (55db(A) utan við opnanlegum glugga) skal uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Gera skal ráð fyrir opnanlegum gluggum til loftréstinga á íveruherbergjum íbúða. Ef hljóðstig er yfir framangreindum mörkum þarf auk þess að gera ráð fyrir loftréstibúum með hljóðdemþumpum eða örðum aðgerðum (sbr. dæmi tilgreind í 5. kafla almennra ákvæða um fjöleignarhús í þessari greinargerð og umfjöllun að neðan um afgreiðslu byggingarleyfis) til að tryggja eðileg loftskipti án þess að opna glugga. Með þessu verður tryggt að hávaði innanhúss frá umferð verði innan viðmiðunarmarka.

I umsókn um byggingarleyfi fyrir þeim byggingum þar sem hljóðstig utan við húsvegg er hærra en 55db(A) þarf að gera grein fyrir hvernig hönnun hússins tryggi að ákvæði fráviki II verða uppfyllt um hljóðstig utan við opnanlega glugga og innanhúss (sbr. m.a. dæmi tilgreind í 5. kafla almennra ákvæða um fjöleignahús í þessari greinargerð). Reynist ekki unnt að tryggja hljóðvist skv. fráviki II með hönnun húss fyrir hluta íbúða eða aðrar íbúir, þarf að afla undanþágu skv. 8. gr. reglugerðar um hávaða áður en leyfi er veitt.

Sjá nánar í skýringarhefti: Hljóðvist á Kópavogstúni, 20.12.2005 (Almenna verkfræðistofan hf), aftast í þessu hefti.

#### 9. SKIKI TIL EINKANOTA

Fyrir íbúir á jarðhæðum skal afmarka skika til einkaafnota og skulu þeir sýndir á aðalupplifráttum.


# KÓPAVOGSBAER

E-gata 1, 3, 5 OG 9

Vatn/Kópavogstún-04.11-05.Dwg

A Arkitektstofa Benjamíns Magnússonar, 29. apríl 2005. Bæjarskipulag Kópavogs: Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri og Smári Smáason arkitekt.

Breyting: Afmökkun svæðis þar sem skipulagi er frestad 04. október 2005



Grunnmynd í mkv. 1:500 (A3) Dæmi Athugið teikningar eru minkaðar og ekki í kvarða.  
Allar stærðir eru í metrum.

KÓPAVOGSTÚN - SKIPULAGSSKILMÁLAR  
FJÖLEIGNAHÚS 5 HÆDIR AUK KJALLARA OG PAKHÆÐAR


REITUR 1

# KÓPAVOGSBÆR


E-gata 1, 3, 5 OG 9

Verk/Kópavogstún/Kópavogstún-04.11-05-D.dwg

Arkiktastofa Benjamíns Magnússonar 29. apríl 2005 Bæjarskipulag Kópavogs: Birgir H. Sigurðsson skipulagssjónari og Smári Smáason arkitekt.  
Breyting: Afmörkun sveðis þar sem skipulagi er frestað 04. október 2005



Þversnið í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæmi



Þversnið í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæmi

Grunnmynd í mkv. 1:500 ( A3 ) Dæmi Athugið teikningar eru minkaðar og ekki í kvarða.  
Allar stærðir eru í metrum.

KÓPAVOGSTÚN - SKIPULAGSSKILMÁLAR  
FJÖLEIGNAHÚS 5 HÆÐIR AUK KJALLARA OG ÞAKHÆÐAR

REITUR 1



**KÓPAVOGSTÚN, SKIPULAGSSVÆÐI – TÖLVUMYND, HORFT YFIR SVÆÐIÐ TIL SUÐURS**



Almenna verkfræðistofan hf.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri  
Skrifstofa Kópavogsbær, Framkvæmda og tæknisvið  
Fannborg 6, 2. hæð  
200 Kópavogur

Reykjavík, 20. des 2005.

### Málefni: Hljóðvist í nýju hverfi á Kópavogstúni

#### 1. Kópavogstún

Umferðarhávaði í nýju hverfi á Kópavogstúni og hugsanlegar mótvægisáðgerðir hafa verið metnar. Meðfylgjandi teikningar sýna reiknað hljóðstig á Kópavogstúni. Tvær teikningar, U-01 og U-02, sýna reiknað hljóðstig við 1. og 2. hæð árið 2024 ef ekki verður byggt frekar á Kópavogstúni. Fimm teikningar R-04, R05, R06, R-07 og R-08, sýna reiknað hljóðstig við 1., 2., 3., 4. og 5. hæð ef byggt verður á Kópavogstúni samkvæmt áformuðu skipulagi.

#### 2. Umferðarforsendur

Umferðarforsendur eru samkvæmt spá frá Önnu Runólfssdóttur, VST, frá maí 2005 fyrir áætlaða umferð árið 2024 fyrir umferð næri Kópavogstúni. Gerð var spá fyrir umferðina árið 2024 bæði ef ekki verður byggt á Kópavogstúni og einnig ef byggt verður á Kópavogstúni samkvæmt fyrliggjandi áætlunum.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi umferð:

	Án nýbygginga á Kópavogstúni ÁDU	Með nýbyggingum á Kópavogstúni ÁDU	Hraði km/klst	Hlutfall þungra bíla
Kópavogabraut milli Urðarbrautar og Hafnarfjarðarvegar Vesturhluti	4.500	5.100	50	4,5
Kópavogabraut milli Urðarbrautar og Hafnarfjarðarvegar Austurhluti	4.800	7.000	50	4,5
Urðarbraut sunnan Kópavogsbrautar	700	800	50	4,5
Urðarbraut norðan Kópavogsbrautar	3.200	3.600	50	4,5
Borgarholtsbraut	6.600	6.000	50	4,5
Rampi vestan Hafnarjv. til suðurs Kópavogsbrautar Hafnarfjarðarvegur	6.200	6.500	80	5,0
Hafnarfjarðarvegur	40.000	40.000	80	5,0
Rampi austan Hafnarjv. til norðurs Hafnarfjv-Digranesvegur	6.000	6.000	80	5,0



### 3. Mótægisaðgerðir og skermun

Gert er ráð fyrir eftirtöldum mótvægisaðgerðum:

- 3.1 Án frekari bygginga á Kópavogstúni er gert ráð fyrir skermvegg á vestur klettabrún Hafnarfjarðarvegar, hæð veggjar verði 1,8 m.
- 3.2 Verði nýbyggingar á Kópavogstúni er gert ráð fyrir að framangreindur skermur á vestur klettabrún Hafnarfjarðarvegar verði hækkaður og hæðin verði 2,5 m.

### 4. Niðurstöður útreikninga á umferðarhávaða

Umferðarhávaði var reiknaður með og án uppyggings á Kópavogstúni. Hljóðstigið er reiknað á lóð í 2 m hæð yfir landi og einnig við hverja íbúðarhæð.

Reiknað hljóðstig er víða yfir 55 dB(A), og fer yfir 70 dB(A) næst Hafnarfjarðarvegi. Í sérstakri umfjöllun í skipulagsgögnum, er fjallað um þessi atriði og hvaða kröfur verða gerðar til bygginganna þannig að uppfylltar verði þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð um hávaða.

### 5. Reglugerð um hávaða nr. 933/1999

Í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 eru sett fram viðmiðunargildi fyrir umferðarhávaða. Bæjarverkfæðingurinn í Kópavogi hefur óskað heimildar heilbrigðisnefndar til beitingar fráviksgilda vegna hljóðstigs við uppyggingu íbúðarbyggðar á Kópavogstúni..

Viðmiðunargildi fyrir umferðarhávaða fyrir frávik II í reglugerðinni eru eftirfarandi:

Innanhúss í íbúðarhúsnæði, jafngildishljóðstig 30 dB(A)

Utan við opnanlegan glugga íbúðarhúsnæðis, jafngildishljóðstig 70/55 dB(A).

70/55 merkir að viðmiðunarkrafan um 55 dB(A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlegan glugga allt að 70 dB(A).

### 6. Skipulag húsnæðis og byggingarkröfur

Við hönnun húsa á Kópavogstúni þarf að skipuleggja íbúðir þannig að kröfur reglugerða um hljóðvist séu uppfylltar. Í þessu felst að ef opnanlegir gluggar eru í íbúð, skal hljóðstig utan við opnanlega glugga vera undir 55 dB(A) fyrir a.m.k. helming íveruherbergja.

Einnig skal uppfylla þá kröfu að þegar gluggar eru lokaðir að þá fari hljóðstig innanhúss ekki yfir 30 dB(A). Til að ná þessu marki þarf að velja gler í glugga með hliðsjón af reiknuðum umferðarhávaða utan við glugga.

Hljóðeinangrun í hefðbundnu gleri sem er hér á markaðnum er 25 dB.

Glerframleiðendur hér á landi framleiða sérstakt hljóðeinagrandi gler allt að 39 dB.

Með sérstökum gluggum og ráðstöfunum er mögulegt að ná hljóðeinangrun yfir 39 dB í gegnum glerjaðan glugga.

Ef umferðarhávaði er 55 dB(A) utan við glugga með venjulegu gleri með dempun 25 dB, er hljóðstig innanhúss undir 30 dB. Við mat á hljóðstigi innanhúss þarf að taka tillit til stærðar glugga sem hlutfall af veggflatarmáli, og hljóðeinangrun glugga og hljóðeinangrun veggjar. Sjá nánar Rb blað um hljóðeinangrun útveggja, einföld reikniaðferð, útgefið nóv 1998. Ef hljóðstig utan við glugga er yfir 55 dB, þarf að velja glugga og gler með tilliti til þess að hljóðstig innanhúss fari ekki yfir 30 dB.

Eins og getið var hér að framan fer hljóðstig yfir 70 dB(A) við 4. og 5. hæð á austurhlið húss næst Hafnarfjarðarvegi. Við hönnun þessa húss hefur arkitekt þann valkost að hafa ekki opnanlegan glugga á austurhlið 4. og 5. hæðar, eða hafa glugga á inndregnum svölum þannig að hljóðstig við gluggann verði lægri en úti við gaflinn. Jafnframt verður að velja glugga og gler þannig að tryggt sé að hljóðstig innanhúss við lokaðan glugga fari ekki yfir 30 dB(A).



## 7. Teikningar

Meðfylgjandi teikningar eru:

- 1139.14-U-01A Hljóðstig 2024 án Kópavogstúns  
Reiknaður umferðarhávaði í 2,0 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-U-02A Hljóðstig 2024 án Kópavogstúns  
Reiknaður umferðarhávaði við 2. hæð í 4,2 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-R-04B Hljóðstig 2024 með Kópavogstúni  
Reiknaður umferðarhávaði í 2,0 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-R-05B Hljóðstig 2024 með Kópavogstúni  
Reiknaður umferðarhávaði við 2. hæð í 4,2 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-R-06B Hljóðstig 2024 með Kópavogstúni  
Reiknaður umferðarhávaði við 3. hæð í 6,9 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-R-07B Hljóðstig 2024 með Kópavogstúni  
Reiknaður umferðarhávaði við 4. hæð í 9,6 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.
- 1139.14-R-08B Hljóðstig 2024 með Kópavogstúni  
Reiknaður umferðarhávaði við 5. hæð í 12,3 m hæð  
Hljóðstig dB(A). Reiknaðir valdir punktar.

Virðingarfyllst

Gísli Karel Halldórsson, verkfræðingur

Almenna verkfræðistofan hf.

